

Hafnarfjörður 13. febrúar 2018

Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar
Ingibjörg Valgeirsdóttir framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu í Garðabæ

EFNI: Beiðni um styrk til námsferðar.

Drafnarhús er dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun, staðsett í Hafnarfirði og er rekið af Alzheimerssamtökunum. Í húsinu eru 22 skjólstæðingar á hverjum degi og þar af eru 9 skjólstæðingar úr Garðabæ. Húsið eru opin frá 8 til 17 og starfsmenn eru sjö.

Þarfir skjólstæðinga okkar eru margar og misjafnar eftir því hvar þeir eru staddir í sjúkdómsferlinu og mikilvægt er að miða við getu og áhuga hvers og eins í okkar daglega starfi. Við höfum mikinn áhuga á að sinna skjólstæðingum okkar sem best og reynum að sækja þá fræðslu sem í boði er ásamt því að við höfum kynnt okkur aðrar dagþjálfanir.

Okkur langar að leita út fyrir landsteinana í leit að góðum hugmyndum. Við höfum hugsað okkur að fara til New York í apríl og kynna okkur svipaðar dagþjálfanir þar og heimsækja MoMA listasafnið, en þar hefur verið listameðferð fyrir einstaklinga með heilabilun <https://www.moma.org/meetme/index> Við reiknum með að kynnast þar nýjum stefnum og straumum, fá nýjar hugmyndir og móta starf okkar í kjölfarið af því góða sem við lærum.

Þar sem við þjónustum Garðbæinga leitum við til ykkar um styrk til fararinnar.

Með von um góðar undirtektir,
fyrir hönd Drafnarhúss,

Erla Einarsdóttir
forstöðumaður Drafnarhúss
drafnarhus@alzheimer.is
s. 534 1080